

56. sveitarstjórnarfundur , Végarði 24.02 2010, kl. 16.30

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jón Þór Þorvarðarson, Jóhann Þórhallsson og Þorvarður Ingimarsson.

Dagskrá:

- 1. Laugarfellsskáli**
- 2. Kjörskrá fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars.**
- 3. Bréf**
 - a) Þjóðskrá 05.02
 - b) Ríkisendurskoðun 30.01
 - c) Fjarðabyggð 20.01
 - d) SEEDS 15.02
 - e) UMFÍ 28.01
- 4. Fundargerðir**
 - a) Landbótasjóður 09.02
 - b) Húsnefnd Végarðs 12.02
 - c) HAUST 20.01
- 5. Önnur mál**

1. Laugarfellsskáli

Mættir til fundarins voru Ívar Karl Hafliðason, Einar Andrésen og Jónas Hafþór Jónsson sem óskað höfðu eftir að koma á fund sveitarstjórnar til að ræða áhuga þeirra á að taka að sér byggingu fjallaskála við Laugarfell. Eftir umræðu um málið yfirgáfu gestirnir fundinn.

Verktakar sem eru með fyrsta áfanga skálans hafa lýst yfir áhuga á að fullklára bygginguna og liggur fyrir sveitarstjórn erindi þar að lútandi dags. 18. febrúar.

Gögn sem Arkís og Verkís eru að vinna vegna byggingarinnar hjá eiga að vera tilbúin í byrjun marsmánaðar. Eftir umræðu um hvort vinna skuli gögnin skipt niður á einstaka verkþætti s. s pípulagnir og raflagnir er ákveðið að gögnunum verði ekki skipt upp.

Farið var yfir tillögu Arkís að efnisvali fyrir skálann og rætt um innréttingu og tæki í eldhús.

Samþykkt að taka tilboði í flísar frá Agli Árnasyni.

2. Kjörskrá fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars.

Á kjörskrá eru 29 konur og 45 karlar samtals 74.

Samþykkt óbreytt kjörskrá og oddvita falið að undirrita hana.

Kjörskráin liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 27. feb til kjördags 6. mars.

3. Bréf

- a. **Þjóðskrá 05.02.** Varðar þjóðaratkvæðagreiðslu. Kynnt.
- b. **Ríkisendurskoðun 30.01.** Varðar Landbótasjóð. Kynnt
- c. **Fjarðabyggð 20.01.** Varðar sorpurðun. Fjarðarbyggð tilkynnir um að ekki sé grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarfi Fjarðarbyggðar við Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp og Seyðisfjarðarkaupstað um urðun í Þernunesi. Viðræður aðila eru þó áfram í gangi.
- d. **SEEDS 15.02.** Samtök sjálfbodaliða um umhverfis- og menningartengartengd verkefni. Óska eftir samstarfi á komandi sumri. Kynnt.
- e. **UMFÍ 28.01.** Auglýsa eftir umsóknum um að halda Landsmót UMFÍ 2012. Kynnt.

4. Fundargerðir

- a. **Landbótasjóður 09.02.** Frestur til að skila umsóknum til landbóta á árinu 2010 rennur út 2. mars. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu sveitarfélagsins og einnig er hægt að fá þau á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknum skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins. Kynnt.
- b. **Húsnefnd Végarðs 12.02.** Húsnefnd telur að það eigi að leita leiða til að ráða húsverð í hlutastarf og beinir til sveitarstjórnar að skoða möguleika hvort möguleiki sé á að húsvarsla Végarðs verði hluti af starfi hjá sveitarfélaginu. Kynnt.
- c. **HAUST 20.01.** Kynnt.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 19.30

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Jón Þór Þorvarðarson (sign)